

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

5. – 9. janúar

Nú árið er liðið

Nú er glatt hjá álfum öllum

Máninn hátt á himni skín

Ólafur Liljurós (hver bekkur með sitt erindi)

12.-16. janúar

Álfadans á föstudegi

Álfar

Mánuðir (Eilíf hringrás)

Nú árið er liðið

Nú er glatt hjá álfum öllum

Máninn hátt á himni skín

Ólafur Liljurós

19.-23. janúar

Bóndadagur á föstudegi

Minni karla/Minni kvenna

Á sprengisandi (1. erindi og viðlag)

Barnagælur (öll erindi)

Nú árið er liðið

Álfar

Mánuðir (Eilíf hringrás)

Ólafur Liljurós

Vikivaki

Þjóðkvæði

5 ára og allir hinir:

Ólafur reið með björgum fram,

villir hann, stillir hann,

hitti' hann fyrir sér álfarann,

þar rauður loginn brann.

Blíðan lagði byrinn undan björgunum,

blíðan lagði byrinn undan björgunum

fram.

6 ára MÓH:

Þar kom út ein álfamær,

sú var ekki Kristi kær.

8 ára KF:

Þar kom út ein önnur,

hélt á silfurkönnu.

6 ára EE:

Þar kom út hin þriðja,

með gullband um sig miðja.

9 ára SÓL:

Þar kom út hin fjórða,

hún tók svo til orða:

8 ára ÞEK:

„Velkominn Ólafur Liljurós!

Gakk í björg og bú með oss!”

6 ára AO:

„Ekki vil ég með álfum búa,

heldur vil ég á Krist minn trúa.”

9 ára BVS:

Vendi ég mínu kvæði í kross,

Sankti María sé með oss!”

Nú árið er liðið

Lag: Andreas Peter Berggreen

Ljóð: Valdimar Briem (ort 1886)

Nú árið er liðið í aldanna skaut

og aldrei það kemur til baka,

nú gengin er sérhver þess gleði og þraut,

það gjörvallt er runnið á eilífðarbraut,

en minning þess víst skal þó vaka.

Nú er glatt hjá álfum öllum

Lag: frá Færeyjum
Ljóð: höfundur ókunnur

Nú er glatt hjá álfum öllum
Hæfadderífadderallala.
Út úr göngum gljúfrahöllum.
Hæfadderífadderallala.
Fyrir löngu sest er sól,
sjaldan eru brandajól.
Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderífadderallala.

Dönsum dátt á víðum velli.
Hæfadderífadderallala.
Dunar hátt í hól og felli.
Hæfadderífadderallala.
Álfasveinninn, álfasnót
einni sýnir blíðuhót.
Hæfadderí, hæfaddera,
hæfadderífadderallala.

Máninn hátt á himni skín

Færeyskt vikivakalag
Þjóðkvæði

Máninn hátt á himni skín,
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.

Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt hér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Bregðum blysum á loft....

Álfar

Lag og ljóð: Magnús Þór Sigmundsson

Í gömlum sögnum segir svo frá
er álfar bjuggu mönnum hjá,
saman þeir lifðu í sælu á jörð,
vinátta, samvinna, leikur og störf.

Fá þeir fyrirgefið,
fá þeir öllu gleymt,
fá þeir snúið aftur í mannanna heim?
Eru álfar kannski menn?
Eru álfar kannski menn?

Djúpt oní jörðu búa þeir enn,
álfar sem forðast illa menn,
minningar lifa sögunum í,
vonandi birtast þeir bráðum á ný.

Hver glataði friði,
hver lýsti yfir stríði,
hver vildi fá meira en móðir jörð gaf?
Eru álfar kannski menn?
Eru álfar kannski menn?

Fá þeir fyrirgefið,
fá þeir öllu gleymt,
fá þeir snúið aftur í mannanna heim?
Eru álfar kannski menn?
Eru álfar kannski menn?

Í garðinum bak við stóran stein,
stundum sjá má álfasvein,
tekinn til augna því dapur hann er,
horfir á heiminn, hvað hefur skeð?

Mánuðirnir

Lag og ljóð: Helgi R. Einarsson

Eilíf hringrás, árin líða,
ótrúlegt er að vera til.
Fuglar, ormar, fljúga, skríða,
fátt í þessu ég skil.
*Janúar, febrúar,
mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst,
september, október,
nóvember og desember.*

Börnin eru' um veröld víða,
vaxa' úr grasi og heimta sitt.
Eins og gengur árin líða,
ég vil líka fá mitt.
Janúar, febrúar...

Barnagælur

Þululag. Útsetning: Jórunn Viðar
Þjóðvísur

Við skulum þreyja,
þorrann og hana góu
og fram á miðjan einmánuð;
þá ber hún Grána.

Dúfan í Danmörk,
hún er hlaðin baugum.
Gull er hennar nefi á,
allt upp undir augum.

Bí, bí og blaka,
álftirnar kvaka,
ég læt sem ég sofi,
en samt mun ég vaka.

Minni karla

Sænskt þjóðlag
Ljóð: Grímur Thomsen

Táp og fjör og frískir menn
finnast hér á landi enn,
þéttir á velli og þéttir í lund,
þrautgóðir á raunastund.
Djúp og blá, blíðum hjá
brosa drósum hvarmaljós.
Norðurstranda stuðlaberg
stendur enn á gömlum merg.

Minni kvenna

Lag: Schulz
Ljóð: Matthías Jochumsson

Fósturlandsins Freyja,
fagra Vanadís,
móðir, kona, meyja,
meðtak lof og prís!
Blessað sé þitt blíða
bros og gullin tár.
Þú ert lands og lýða
ljós í þúsund ár.

Á Sprengisandi

Lag: Sigvaldi Kaldalóns

Texti: Grímur Thomsen

Ríðum, ríðum rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell,
hér á reiki' er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja á jökulsvell;
∴ Drottinn leiði drösulinn minn
- drjúgur verður síðasti áfanginn ∴

Þey þey! Þey þey! Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm;
∴ útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannske' að smala fé á laun ∴

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið,
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið;
∴ vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil ∴